

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. júní 2021 í máli nr. 144/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 3. desember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að fartölva sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar en til vara endurgreiðslu kaupverðsins. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 4. desember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 8. desember 2020. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila þann 9. desember 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila svo og afrit af skriflegum samskiptum milli varnaraðila og viðgerðaraðila.

Með bréfi, dags. 20. janúar 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á fartölvu af gerðinni Lenovo af varnaraðila þann 9. ágúst árið 2016 fyrir 79.995 krónur. Fartölvun bilaði í febrúar árið 2018 með þeim hætti að lítið stykki inni í hleðsluportu fartölvunnar brotnaði við notkun. Var því ekki unnt að hlaða fartölvuna. Fór sóknaraðili í kjölfarið með hana til skoðunar hjá varnaraðila. Samkvæmt viðgerðarskýrslu frá [...], viðgerðaraðila fartölvunnar f.h. varnaraðila, dags. 16. febrúar 2018, var orsök bilunarinnar sú að hleðsluport var brotið. Í bilanalýsingu segir að „[s]tykki datt út úr hleðsluportinu“. Að mati viðgerðaraðilans er þörf á að skipta út móðurborðinu en nýtt móðurborð kostar 55.310 krónur auk þess sem vinna við verkið mun að sögn viðgerðaraðila kosta 28.520 krónur. Fartölvun hefur verið í vörslu varnaraðila frá því í febrúar árið 2018. Í samskiptum málsaðila frá þeim tíma hefur varnaraðili ítrekað boðið sóknaraðila að sækja fartölvuna og hafnað því að um galla sé að ræða. Sóknaraðili hefur neitað að sækja fartölvuna þar sem fartölvun sé ónothæf í því ástandi sem hún er.

Sóknaraðili telur að fartölvun hafi verið haldin galla og krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar en til vara endurgreiðslu kaupverðsins. Varnaraðili telur að um tjón sé að

ræða sem ekki verði rakið til framleiðslugalla og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### *3.1. Sjónarmið sóknaraðila*

Sóknaraðili tekur fram að hann hafi notað fartölvuna með eðlilegum hætti og hún hafi ekki orðið fyrir tjóni, höggi eða hnjaski. Telur sóknaraðili óeðlilegt að stykki brotni í hleðsluportu þegar henni er stungið í samband með hefðbundnum hætti. Bendir sóknaraðili á að hann eigi sambærilega tölvu sem notuð hafi verið í fjölda ára sem hafi fengið sömu meðferð og umþrætt fartölva án bilunar. Einnig hafi sóknaraðili átt fjölda annarra sambærilegra raftækja sem ekki hafi bilað. Að mati sóknaraðila er augljóst að um framleiðslugalla sé að ræða í hleðsluportu fartölvunnar sem varnaraðili beri ábyrgð á. Sóknaraðili bendir einnig á að málmstykkið hafi brotnað úr fartölvunni við skoðun starfsmanns varnaraðila sem gæti hafa valdið frekara tjóni eða komið í veg fyrir viðgerð á ódýran hátt.

### *3.2. Andsvör varnaraðila*

Varnaraðili bendir á að fartölvun sé skemmd þar sem hleðslutengið er brotið og hleðslutengið sé tengt við móðurborð fartölvunnar. Að mati viðgerðaraðila er um utanaðkomandi tjón að ræða og ekki þekkt að slíkir hlutir brotni að sjálfu sér. Sóknaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á að um galla sé að ræða sem rekja megi til framleiðanda en sönnunarbyrðin hvíli á honum.

### *3.3. Athugasemdir sóknaraðila*

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila ítrekar sóknaraðili að hann telji óeðlilegt að hleðslutengi fartölvunnar verði fyrir tjóni við eðlilega notkun. Þá bendir sóknaraðili á að erfitt sé fyrir sig sem neytanda að sanna að galla sé að rekja til framleiðanda þegar sóknaraðili hafi aðeins stungið fartölvunni í samband og tekið úr sambandi á eðlilegan hátt. Ekki sé eðlilegt að fartölva verði fyrir tjóni við slíka eðlilega notkun.

## **IV**

### **Niðurstaða**

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti fartölvu af gerðinni Lenovo af varnaraðila þann 9. ágúst árið 2016 fyrir 79.995 krónur. Um kaupin gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Fartölvun bilaði í febrúar árið 2018 með þeim hætti að stykki í hleðsluportu fartölvunnar brotnaði. Samkvæmt viðgerðarskýrslu frá [...], viðgerðaraðila fartölvunnar f.h. varnaraðila, þarf að skipta um móðurborð í fartölvunni. Kostnaður viðgerðar er sagður að fjárhæð 83.830 krónur. Sóknaraðili telur að fartölvun hafi verið haldin framleiðslugalla sem varnaraðili beri ábyrgð á.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við

kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

Umþrætt bilun kom upp í febrúar árið 2018 eða um það bil einu og hálfu ári eftir afhendingu, sbr. 7. gr. nkpl. Hvílir því á sóknaraðila að sýna fram á að fartölvun hafi verið haldin galla við kaupin. Ekki liggur annað fyrir en að bilunin hafi átt sér stað áður en sóknaraðili fór með fartölvuna til skoðunar hjá starfsmanni varnaraðila þrátt fyrir að stykkið hefði dottið út við skoðun starfsmannsins.

Í gögnum málsins kemur fram að lítið stykki inni í hleðsluportu fartölvunnar hafi brotnað. Hefðbundin notkun fartölvunnar felur í sér að hleðslusnúra fartölvunnar sé tengd við hleðsluportið. Má því almennt gera ráð fyrir að ekki verði skemmdir á hleðsluportinu við slíka eðlilega notkun. Hins vegar er þar að finna viðkvæman hluta fartölvunnar sem getur orðið fyrir tjóni af völdum óvarlegrar notkunar. Ekki verður ráðið með vissu hvort tjónið sé afleiðing framleiðslugalla en sönnunarbyrðin um galla við afhendingu hvílir á sóknaraðila.

Með hliðsjón af gögnum málsins, svo og eðli þeirrar bilunar sem um ræðir, verður ekki séð að sóknaraðila hafi tekist að sanna það í málinu að skemmdir á hleðsluportu fartölvunnar sé að rekja til framleiðslugalla sem hafi verið til staðar þegar kaupin fóru fram þann 9. ágúst árið 2016. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

## V

### Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson